

Úrskurður 8/2007

Kærður er úrskurður tollstjóra um tollflokkun á þremur gerðum af myndvörpum. Kærandi krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Ríkistollanefnd staðfesti tollflokkun tollstjóra á tækjunum.

Með bréfi, dags. 14. september 2007 sem barst nefndinni þann 18. s.m. kærir lögmaður, fyrir hönd N, úrskurð tollstjóra nr. 5/2007. Tollstjóri úrskurðar í hinum kærða úrskurði að myndvarpar af gerðinni Toshiba X2000, X3000 og T95 skuli tollflokkað í tnr. 8528.6900. Myndvörpunar voru fluttar inn í sendingu nr. F 703 18 04 7 BE BRU 4452. Kærandi gerir kröfu um að myndvörpunar verði tollflokkaðar í tnr. 8528.6100.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að þann 18. apríl sl. hafi embættið móttekið aðflutningsskýrslu vegna fyrrgreindrar sendingar. Í þeirri aðflutningsskýrslu hafi myndvörpunar verið tollflokkaðar í tnr. 8528.6100: „*Skjár og myndvörpur, án sjónvarpsmóttökubúnaðar; móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpsviðtæki eða hljóð-eða myndbandsupptökubúnaði eða-flutningsbúnaði: - Myndvörpur;--Sem gerðar eru eingöngu eða aðallega til nota í gagnavinnskufum í tnr. 8471.*” Embættið gerði athugasemd við skýrsluna og tollflokkaði myndvörpunar í tnr. 8528.6900; ...-*Myndvörpur--Aðrar.*”

Þá segir að kærandi hafi krafist þess að myndvörpunar verði flokkaðar í tnr. 8528.6100 þar sem þær séu eingöngu framleiðdar til að varpa mynd á tölvutæku formi. Hann vísi til almennra túlkunar- og skýringarreglna tollskrár og taki fram að þrátt fyrir að hægt sé með einhverjum tilfæringum að nota myndvörpunar til annars séu þær ekki ætlaðar til slíkra nota og sjáist það best á því að líftími perunnar í myndvörpunni sé aðeins 1000 klst. Að lokum vísar kærandi til rökstuðnings í kæru hans í sambærilegu máli frá 16. september 1997 og úrskurðar ríkistollanefndar nr. 13/1997.

Tollstjóri vísar til þess í úrskurði sínum að Ísland sé aðili að alþjóðlegum samningi um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá sem tók gildi 1. janúar 1988. Með lögum nr. 96/1987, um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, hafi verið tekin upp tollskrá sem byggir á tollflokkunarreglum samræmdu skrárinnar. Alþjóðatollastofnunin gefi út skýringarbækur og álit um túlkun samræmdu skrárinnar. Tollskrárnúmer í vörulið 8528 séu byggð á skiptingu samkvæmt samræmdu skránni og því beri að líta til skýringargagna Alþjóðatollastofnunarinnar við túlkun þeirra. Í skýringum Alþjóðatollastofnunarinnar við vörulið 8528 komi fram að skjár sem hafi tengingamöguleika við tölvu flokkist í tnr. 8528.4100 og 8528.5100 en utan þeirra falli skjár sem geti einnig tekið við almennum video-merkjum, s.s. NTSC, SECAM, PAL og D-MAC. Þessar skýringar gilda einnig um myndvörpur í tnr. 8528.6100, eftir því sem við getur átt, þar sem orðalagið sé hið sama, þ.e. tækin eru eingöngu eða aðallega til nota í gagnavinnskufum í vörulið 8471. Það nægir ekki eitt og sér að myndvörpunar séu tengjanlegar við tölvu til þess að þær flokkist í tnr. 8528.6100. Ef þær séu einnig með búnaði til þess að taka við almennum video-merkjum tollflokkaðar þær í tnr.8528.6900.

Samkvæmt upplýsingum framleiðanda um myndvörpunar, sem kærandi lagði fram, má tengja þær við tölvu með VGA og XGA tengi, sem eru sérhæfð tölvutengi. Hins vegar má einnig tengja þær á margvísan hátt við annan búnað s.s. við DVD-spilara, video-myndbandsupptökutæki o.fl. með s-video-tengi og composit-tengi. Tækin eru því útbúin til að taka við almennum video-merkjum, s.s. PAL, NTSC o.fl. og eru þeir kostir umfram það sem Alþjóðatollastofnunin gerir ráð fyrir í tækjum sem flokkað eiga í tnr. 8528.6100. Tollstjóri leggur á það áherslu að í úrskurði ríkistollanefndar nr. 13/1997 fólst ekki efnisleg niðurstaða um tollflokkun vöru auk þess sem rökstuðningur kæranda í því máli varðar aðrar tegundir af myndvörpum en þær sem hér er fjallað um. Embættið litur því svo á að rökstuðningur í því máli eigi ekki við hér.

Þá segir að í kærubréfi sé tekið fram að kærandi hafi um langt árabíl flutt inn myndvörpur af þeirri gerð sem hér um ræðir. Óheimilt sé að breyta tollflokkun þannig að leiði til

gjaldahækkunar nema samkvæmt sérstakri lagaheimild. Engrar slíkrar lagaheimildar njóti hér við og því sé aukin gjaldtaka á grunni breyttrar tollflokunar beinlínis ólögmæt. Auk þess hafi upptaka nýrrar tollskrár um sl. áramót ekki átt að leiða til gjaldahækkunar eða breyttrar flokkunar. Kærandi telur að þetta leiði til þess að flokka eigi myndvörpunar í tnr. 8528.6100.

Tollstjóri vísar til auglýsingu nr. 142/2006, sem tók gildi 1. janúar sl., en þar var númerum og orðalagi tollskrárnúmera breytt til samræmis við samræmdu skrána sbr. 1. mgr. 189. gr. tollalaga nr. 88/2005. Í stað tnr. 8528.3001 kom 8528.6100 og tnr. 8528.3009 er nú 8528.6900. Auglýsingin hafði ekki í för með sér gjaldahækkun eða breytta tollflokun en orðalag tollskrárnúmeranna varð skýrara. Fyrir 1. janúar sl. hefði réttilega átt að tollflokka myndvörpunar í tnr. 8528.3009.

Í ljósi ofangreinds fellst tollstjóri ekki á kröfu kæranda um tollflokun myndvarpanna í tnr.8528.6100 og úrskurðar að flokka beri nefndar myndvörpur í tnr. 8528.6900.

Í kæru umboðsmanns innflytjanda segir m.a. að höfuðatriði málsins sé það, að tæki þessi séu fyrst og fremst ætluð sem hluti af gagnavinnslukerfum, þótt vissulega sé unnt með tilfæringum að nota þau með öðrum hætti, sé til þess einlægur ásetningur og takmörkuð skynsemi. Slíkt eigi við um flestan tæknibúnað samtímans. Það sé því höfuðnauðsyn í tolltæknilegu samhengi að horfa til meginvirkni hvers tækis fremur en til þess hvernig hægt væri að nota eða eftir atvikum misnota tækin. Kærandi vísar til úrskurðar ríkistollanefndar nr. 13/1997, þar sem hann telur vera um sambærileg máli að ræða.

Þá segir í kærinni að með upptöku nýrrar tollskrár um síðustu áramót hafi það aldrei verið ætlunin, og sé raunar óheimilt, að breyta gjaldtöku til þyngingar. Hafi tolyfirvöld verið ósátt við heimfærslu einhverrar vöru við upptöku hinnar nýju tollskrár með þeim hætti að þau hefðu kosið breytingar, bar þeim einnig við það tækifæri að tryggja með einhverjum hætti að sú tæknilega flokkunarbreyting leiddi ekki til gjaldahækkunar. Þetta hefði verið unnt að gera t.d. með upptöku nýrra tollskrárnúmera eða með einhverjum öðrum hætti þannig að tryggt væri að ekki fylgdu slíkri breytingu auknar og ólögmætar álögur.

Kærandi áskilur fyrir hönd umbjóðanda síns rétt til þess að koma síðar að í málinu frekari gögnum eða rökstuðningi, verði talin þörf á því, þ.m.t. með því að skila inn frekari greinargerð eða e.a. gera kröfu um að flytja málið munnlega. Að lokum bendir hann á nauðsyn þess að ríkistollanefnd kynni sér sjálf umrædd tæki og notkun þeirra.

Kærandi krefst þess að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið að myndvarpar af gerðinni Toshiba X2000, X3000 og T95 sem fluttar voru inn í sendingu F 703 18 04 7 BE BRU 4452, verði tollflokkaðir í tnr. 8528.6100.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi dags. 18. september 2007. Var embættinu veittur frestur til 11. október 2007 til að skila inn greinargerð í málinu. Vegna mistaka mislagðist bréf ríkistollanefndar hjá embættinu og skilaði tollstjóri greinargerð um kærana þann 28. nóvember 2007. Í greinargerð tollstjóra er vísað til fyrri rökstuðnings og úrskurða Alþjóðatollastofnunarinnar um svipuð tæki. Gerð er krafa um að hinn kærði úrskurður verði staðfestur

Greinargerð tollstjóra var send kæranda með bréfi dags. 29. nóvember 2007. Kærandi tjáði sig ekki um greinargerð tollstjóra.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Í máli þessu er deilt um tollflokun á skjávörpum af gerðinni Toshiba X2000, X3000 og T95. Kærandi tollflokkaði vöruna í tnr. 8528.6100. Tollstjóri úrskurðar að tollflokka beri nefnda skjávarpa í tnr. 8528.6900.

Í tæknilysingu skjávarpanna kemur fram að þeir hafa margvíslega tengimöguleika s.s. við sérhæfð tölvutengi VGA og XGA tengi. Einnig er hægt að tengja þá við myndbandstæki, DVD spilara með s-video-tengi og composite-tengi. Skjávarparnir hafa því möguleika til að taka við video-merkjum s.s. PAL, NTSC og SECAM.

Í úrskurði tollstjóra kemur fram að í skiptingu vöruliðarins 8528 sé gerður greinarmunur á því hvort túbuskjáir (Cathode-ray tube monitors) svo og aðrir skjáir séu eingöngu eða aðallega tengjanlegir við gagnavinnslukerfi (tölvu). Sama orðalag er í vöruliðnum við myndvörpur, þar er gerður greinarmunur á því hvort myndvarpan sé eingöngu eða aðallega ætluð til tengingar við gagnavinnsluvélur eða hafi fjölþættari tengimöguleika. Myndvörpur þær sem hér eru til meðferðar hafa allar tengi og tækibúnað sem getur lesið merki úr PAL, NTSC og SECAM þ.e. video-merki. Alþjóðatollaráðið hefur úrskurðað að myndvörpur þúnar þessum tengimöguleikum skuli flokkast undir tnr. 8528.6900.

Hér fer á eftir er yfirlit yfir helstu tengi sem finna má á sjónvarpstækjum og tölvuskjám.

Sjónvarpstæki eru búin a.m.k. einu eða fleiri eftirtöldum tengjum fyrir myndmerki:

- Loftnetstengi
- Scart tengi
- S-video tengi
- DVI tengi
- RCA tengi fyrir composite video merki
- RCA tengi fyrir component video merki

Sjónvarpstæki vinna á einu eða fleiri eftirtöldum myndkerfum:

- PAL (notað víða í Evrópu)
- SECAM (notað m.a. í Frakklandi)
- NTSC (notað í Bandaríkjunum)

Helstu tengi sem finna má á tölvuskjám

Tölvuskjáir eru búin a.m.k. einu eða fleiri eftirtalinna tengja:

- VGA tengi, einnig nefnt HD-15 eða D-sub 15
- DVI tengi
- RCA tengi fyrir composite video merki
- RCA tengi fyrir component video merki

Tegund	Toshiba t95tw95	Toshiba x3000	Toshiba x2000
Tengi:			
S-video	Já	Já	Já
DVI tengi	Nei	Nei	Nei
Loftnetstengi	Nei	Nei	Nei
Scart Tengi	Nei	Nei	Nei
RCA Composite video	Já	Já	Já
RCA Component video	Nei	Nei	Nei
RGB (D-sub 15)	Já	Já	Já
Myndmerki:			
Textavarp	Nei	Nei	Nei
NTSC/PAL/SECAM	Já	Já	Já
VGA/SVGA/XVGA	Já	Já	Já
RGB (D-sub 15)	Já	Já	Já

Ljóst er að myndvarparnir geta tengst tölvu (automatic data processing machine) og að vegna tengimöguleika á videomerki, þ.e. PAL, NTSC og SECAM teljast þeir ekki falla undir skilgreininguna: „Sem gerðar eru eingöngu eða aðallega til nota í gagnavinnsluferfum í nr. 8471“ eins og segir í tollskrá. Myndvarparnir geta því ekki fallið undir tnr. 8528.6100 þar sem þeir eru ekki „eingöngu eða aðallega ætlaðir til tengingar við tölvur. Þeir geta einnig tengst videotækjum og sjónvarpsmóttökum.“

Alþjóðatollaráðið hefur gefið út álit um að vara búin sambærilegum tengimöguleikum, þ.e. með tölvutengi og tengi fyrir videomerki skuli tollflokkast í tnr. 8528.6900. Í álit Alþjóðatollastofnunarinnar segir orðrétt *“Color desktop LCD (liquid crystal display) Projector. This projector has a resolution of 640 x 480 pixels, is capable of displaying 16 M colors and may be connected to an automatic data processing machine, a videocassette recorder or a laser disc player. It has built-in amplifier/speakers which enable users to connect to a wireless microphone, portable CD player or to the auxiliary output of a stereo system.”*

Að teknu tilliti til virkni þessarar vöru og með hliðsjón af almennum reglum um túlkun tollskrár nr. 1 og 6 svo og álit Alþjóðatollastofnunarinnar er það samdóma álit ríkistollanefndar að flokka beri þessa vöru í tnr. 8528.6900.

Hvað varðar úrskurð ríkistollanefndar nr. 13/1997 er það rétt sem kemur fram hjá tollstjóra að þar úrskurðaði ríkistollanefnd ekki um tollflokkun vörunnar. Hvað varðar hækkun á gjöldum vegna breyttrar tollflokunar er ljóst að tilvitnuð lagabreyting hafði ekki í för með sér neina breytingu á gjöldum á vöru.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005, er hinn kærði úrskurður tollstjóra nr. 5/2007 staðfestur. Flokka ber umrædda vöru í tnr.8528.6900.